

Alþingi
Erindi nr. P 141/452
komudagur 12.11.2012

Alþingi

b/t nefndarsviðs

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Efni:


Athugasemd við umferðarlög.

Ég vil vekja athygli á þeirri staðreynd að engin takmörk eru gerð í umferðarlögum varðandi aldur hópferðabílstjóra. Atvinnuleyfi leigubílstjóra fellur úr gildi við lok 70 ára aldurs en þeir aka með mjög fáa farþega miðað við að í hópferðabílum geta farþegarnir verið 70 til 80 manns.

Mikilvægt er að mínu mati að færa þetta til samræmis.

All nokkur dæmi eru um virka hópferðabílstjóra sem orðnir eru 70 ára og jafnvel eru 76 ára gamlir „rútubílstjórar“ enn í atvinnuakstri með tugi farþega innanborðs.

Borgarnesi 12. nóvember 2012



Theodór Kr. Þórðarson yfirlögregluþjónn LBD